

## **Stýrihópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu.**

### **Fundargerð (9)**

**Fundur haldinn í salarkynnum ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, þriðjudaginn 1. september kl.**

**15.10**

Á staðnum voru:

Verkefnisstjóri; Bára Hildur Jóhannsdóttir  
Aldís Magnúsdóttir verkefnisstjórn  
Einar Mar Þórðarson fjármála- og efnahagsráðuneyti

Eftirtaldir sátu fundinn gegnum fjarfundabúnað Teams:

Fundarstjóri; Helga Jónsdóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir (vék af fundi 15.30)  
Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum eru aðgengileg á Teams .

#### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerð stýrihópsfundar** 25. ágúst með breytingartillögum liggur fyrir á Teams. Verður borin upp til samþykktar á næsta fundi.
- 2. Framvinduskýrsla verkefnisstjóra** lögð fram til fróðleiks.
- 3. Fræðslumál.** Aldís Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögu launagreiðenda um skipulag fræðslunnar og gögnum sem verkefnisstjórn setti á Teams til undirbúnings fundinum. Óskaði verkefnisstjórn heimildar til að vinna tillögu um að skipulag verkefnisins verði byggt á reynslu af fræðslu í innleiðingu jafnlaunavottunar m.a. varðandi hlutverk Starfsmenntar. Málin rædd, m.a. út frá hlutverki stýrihópsins og verkefnisstjórnarinnar. Ákveðið að verkefnisstjórn eigi viðræður við einstaka fulltrúa í stýrihópnum til að tillagan sem unnin verður fyrir næsta fund taki á athugasemdum og ábendingum.
- 4. Önnur mál.**  
Drög að vinnu og samskipareglum stýrihópsins lögð fram á Teams og stefnt að afgreiðslu á næsta fundi.  
Ákveðið að fresta áformuðum upphafsfundum til kynningar á verkefninu frá 4. – 11. September nk.

Fundi slitið kl. 16.00 og næsti fundur ákveðinn sem fjarfundur þriðjudaginn 8. september n.k. kl. 14. Fundargerð verður send í tölvupósti.